



Fundur foreldrafélagsins í Austurkór

Fundurinn fór fram á TEAMS, 21. júní 2021 kl.21:00

Dagsetning: 21.júní 2021 kl.21:00

Fundinn sátu: Jónína Klara Pétursdóttir, Halla Kari Hjaltsted, Ilmur Eir Sæmundsdóttir og Svanhvít Friðriksdóttir

Fundinn ritaði: Svanhvít Friðriksdóttir

Dagskrá

1. Sumarhátíð – Dagur ljóssins

Sumarhátíðin var rædd og var ákveðið að hafa foreldra ekki með í ár vegna þess hversu stuttur fyrirvari er á hátíðinni.

Sumarhátíðin verður milli 13-15.

Ákveðið var að foreldrafélagið myndi bjóða upp á hoppukastala í ár.

Starfsfólk ætlar að vera með skemmtilegar stöðvar fyrir börnin og verður hoppukastalinn einn af þeim stöðvum.

Starfsfólk verður með krítarstöð, sápukúlustöð, málunarstöð, andlitsmálningarstöð.

Starfsfólk ætlar einnig að hafa sólarsafa og pylsur í hádeginu í tilefni dagsins og sólarsafa í nónhressingu.

Einnig verður fjörfundur úti í garði.

Foreldrafélagið ætlar svo að kaupa sápukúlur sem börnin fá að gjöf í lok dags og fara með heim.

Foreldrafélagið ætlar einnig að kaupa krítar, blöðrur og pensla fyrir hátíðina og smá sælgæti, osta og gos inn á kaffistofu starfsfólks.

Fundi slitið kl.21:30